



Kristín Þóra Möller og Hermína Gunnþórsdóttir

Frímínútur í tveimur grunnskólum

Fyrirkomulag og sjónarmið starfsfólks sem sinnir gæslu nemenda

► Um höfunda ► Efnisorð

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig frímínútum er háttað í tveimur grunnskólum, hversu mikilvæg agastefna skólanna virðist vera fyrir starfsfólk skólanna í daglegum störfum og að rýna í samspil frímínútna og skólabrags skólanna. Rannsóknin fór fram í tveimur grunnskólum í einu íslensku sveitarfélagi vorið 2014. Eiginlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar til þess að rannsaka viðhorf starfsfólks skólanna með viðtölum. Viðmælendur voru fjórir, tveir í hvorum skóla. Einnig voru vettvangsathuganir gerðar í báðum skólum í frímínútum og ýmis gögn um skólana greind, meðal annars niðurstöður skólanna í könnunum á vegum Skólapúlsins. Niðurstöður sýna að viðmælendur eru ósáttir við það hve starfslýsingar þeirra eru viðtækar og að lítil sem engin formleg starfsþjálfun er í boði. Markviss agastefna virðist nýtast starfsfólki vel sem verkfæri, umfram almennar skólareglur, og allt bendir til þess að flestum nemendum líði vel í frímínútum. Töluvert ber þó á aðgerðaleyzi og agavandamálum í frímínútum skólanna tveggja, að mati viðmælenda. Með skipulegum leikjum og valkvæmum frímínútum væri hægt að koma í veg fyrir aðgerðaleyzi, agavandamál og einelti.

► About the author ► Key words

Recess periods in primary schools: Their organisation and views of staff engaged in recess supervision

This article deals with recess periods in Icelandic compulsory schools. In Iceland there has been but little coverage of recess as part of overall school activity and the role of staff who supervise students during recess periods. The topic of recess is almost non-existent, whether we look in legislation, regulations or in the Icelandic National Curriculum Guide for Primary School. There is, however, a strong emphasis on a positive school atmosphere and a pleasant working environment in the primary schools. Students' recess during school hours can significantly affect the atmosphere in the school. Recess periods make up a considerable section of the students' school day and it is important, therefore, that they should feel comfortable during this free time. The students' environment as a whole matters; what happens outside the classroom affects what takes place in class and students who generally feel at ease will learn better. Although research into the well-being of students in Icelandic primary schools indicates that most of them are comfortable in school, there is, nevertheless, a certain number of students who are subject to teasing and even bullying. In this context, recess periods are most likely to be identified as settings of insecurity and discomfort. The aim of the research was to investigate the arrangement of recess in two primary schools, how important the schools'

disciplinary policies are to school staff during their working hours and explore the interplay between recess and the school atmosphere. The research was conducted in two primary schools in one Icelandic municipality in spring 2014. Qualitative research methods were used to examine staff attitudes in the schools by means of interviews. In-field observations were also carried out in both schools during recess periods and various kinds of documentation on the schools were analysed; for example their results in studies undertaken by the School Pulse. There were four interviewees, two staff members in each school. The results are analysed on the basis of five main themes revealed by the data analysis; Work descriptions and professional training, the organisation of recess periods, disciplinary policies, school atmosphere and well-being, communication and cooperation. Supervision of students during recess in the municipality under investigation is first and foremost the responsibility of untrained staff. All the participants in the research have little or no post-primary education and only one out of four had completed a specific course designed for staff in a supportive role. The municipality's official description of the jobs in question is vague and incomplete. According to participants, the recess periods are a success when everyone is attending the shift. As soon as staff members are missing, troubles arise, however, since reserve staff are seldom on offer. In both schools it is administrators who plan staff supervision during recess and lunch hour; in both schools staff have little say in this planning. The results indicate that a targeted discipline policy is a useful tool to staff in their work and there is every indication that most students are comfortable during recess periods. Nevertheless, it is the assessment of interviewees that inaction and discipline problems are significant features of recess in both schools. Participants in both schools agree that breaks between lessons are necessary for students and for the school atmosphere since they provide students with a much needed outlet and rest from concentrated schoolwork. This is most clearly noticed when students cannot go outside due to bad weather. Participants in both schools state that their relationships with administrators and teachers are generally satisfactory; problems that arise are properly dealt with and in most cases everyone is eager to assist them in their work. Participants in school A, however, are significantly more negative towards administrators and teachers than those in school B. They say they often experience lack of respect from teachers and they feel that teachers fail to show an understanding of their situation. The research is limited to two schools and consequently yields an imperfect picture of the situation. Each school and each member of staff is unique, so it is not possible to generalise on the basis of those results, although they provide an insight into aspects of school activities which have only received limited coverage so far; that is, recess periods and primary school staff who have not received professional training

Inngangur

Umfjöllunarefni þessarar greinar er frímínútur í tveimur íslenskum grunnskólum. Lítið hefur verið fjallað um frímínútur sem þátt í skólastarfi hér á landi og hlutverk þeirra starfsmanna sem sinna gæslu nemenda meðan á þeim stendur. Þá er lítið sem ekkert fjallað um frímínútur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Hins vegar er mikil áhersla lögð á að góður skólabragur og starfsandi ríki í grunnskólunum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Frjáls tími nemenda á skólatíma getur haft töluverð áhrif á skólabrag. Þessi frjálsi tími er stór hluti af skóladegi nemenda og því er mikilavægt að þeim líði þá vel. Umhverfi nemenda í heild sinni skiptir máli og það sem gerist utan skólastofunnar hefur áhrif á það sem gerist innan hennar því að nemendur læra betur ef þeim líður almennt vel (Robert Wood Johnson Foundation, 2007). Þó svo að rannsóknir á líðan nemenda í grunnskólum landsins sýni að meirihluta nemenda líði vel í skólanum er alltaf ákveðið hlutfall nemenda sem verður fyrir stríðni og jafnvel einelti, og þá eru frímínúturnar helst nefndar sem vettvangur vanlíðanar og óöryggis (Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2013; Kristín Elfa Guðnadóttir, 2000). Í fræðilegri umræðu um frímínútur eru skiptar skoðanir um það hversu skipulagðar þær eigi að

vera, sem og afskipti og íhlutun fullorðinna. Ýmist er lítið á þær sem tækifæri nemenda fyrir frjálsan leik eða hluta af námi þeirra. Hvort heldur sem er, þá eru frímínútur vettvangur þar sem reynir á félags- og samskiptafærni nemenda. Í frímínútum upplifa margir nemendur sínar bestu og verstu stundir yfir skóladaginn og er stríðni og einelti gjarnan tilgreint sem neikvæðar hliðar frímínútna. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Árný Elíasdóttir (2009) benda á að öflug samskipta- og félagsfærnikennsla ásamt góðu uppeldi að heiman sé í raun mikilvægasta úrræðið til þess að sporna við einelti í grunnskólunum. Frímínútur eru órjúfanlegur þáttur í hinni daglegu skólarútinu og mynda ásamt öðru hinn hefðbundna ramma um skóladaginn. Þetta sést vel þegar rýnt er í skólabyggingar, en allt frá upphafi 20. aldar var gert ráð fyrir rými á skólalóðinni fyrir útveru í frímínútum (Loftur Guttormsson, 2008; Ólöf Garðarsdóttir, 2008). Fáir skólar hafa lagt niður frímínútur. Það er hins vegar ekkert sem segir að skipulag skólastarfsins þurfi ávallt að vera eins, það mætti til dæmis leggja niður frímínútur eins og þær hafa verið skipulagðar hingað til (Kristín Elfa Guðnadóttir, 2000). Þetta hafa hins vegar fáir skólar gert en nokkrir skólar hafa þó breytt hefðbundnum frímínútum, til dæmis grunnskólar Hjallastefnunnar, og sumir skólar hafa innleitt svokallað „Vinaliðaverkefni“ að norskri fyrirmynd, en þar sér hópur nemenda um að stjórna leikjum í frímínútum. Markmiðið er að hvetja nemendur til hreyfingar og virkrar þátttöku til þess að skapa góðan skólabrag og gefa nemendum kost á fjölbreyttri valfrjálsri afþreyingu svo allir finni eitthvað við sitt hæfi. Verkefnið er hugsað sem stuðningur við eineltisáætlun skólans. Stuðningurinn felst í því að koma í veg fyrir aðgerðaleyzi nemenda í frímínútum (Vinaliðaverkefnið, e.d.).

Í frímínútum safnast margir einstaklingar með ólíkar þarfir saman á einum stað, oft með litla afþreyingu í boði og takmarkað eftirlit. Á þessu er þó allur gangur eftir skólum. Þessari grein er ætlað að veita innsýn í það hvernig frímínútum er háttað í tveimur grunnskólum á Íslandi og varpa ljósi á störf þeirra sem ráðnir eru til að sinna gæslu í frímínútum.

Bakgrunnur og fræðileg umfjöllun

Margt bendir til þess að hægt sé að skapa þroskandi og heilsueflandi umhverfi í frímínútum sem stuðlar að aukinni velferð og vellíðan nemenda og eflir jákvæðan skólabrag. Hér á eftir verður fjallað um það hvernig umræða eða skortur á umræðu um frímínútur birtist í opinberum stefnuskjölum, tengsl við líðan nemenda, eftirlit, agastefnu skóla og skólabrag.

Frímínútur í opinberum stefnuskjölum og fræðileg samantekt

Í 28. grein laga um grunnskóla (nr. 91/2008) segir að skólastjóri eigi að ákveða nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð þar sem þess sé gætt að hann sé samfelldur, með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Hvergi er tekið fram hvað þyki eðlilegt hlé, hvað nemendur eigi að aðhafast í þeim hléum eða hverjir og hve margir eigi að gæta þeirra meðan á þeim stendur. Hér á landi hefur síðan aukin krafa um niðurskurð í skólakerfinu síðustu ár leitt til þess að fjármagn til gæslu í frímínútum og í hádegishléum hefur verið skert (Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, 2010).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) og reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (nr. 1040/2011) er fjallað almennt um skólabrag, vellíðan og öryggi nemenda og ábyrgð starfsfólks skóla hvað það varðar, en hvergi um frímínúturnar sem slíkar. Eina dæmið um að frímínútna sé sérstaklega getið í aðalnámskrá grunnskóla er að finna í málsgrein þar sem hvatt er til þess að skólalóðin og nærliggjandi svæði séu nýtt í viðfangsefnum dagsins. Þar segir að það sé mikilvægt að leikir og fjölbreytt hreyfinám skipi ekki aðeins veglegan sess í kennslu skólaíprótta heldur einnig í öllum skólanum yfir skóladaginn, í öðrum námsgreinum og í frímínútum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Samkvæmt 31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á hvíld og tómstundum, rétt til þess að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þeirra og þroska (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Það er því meðal sjálfsagðra réttinda barna að þeim sé gefið svigrúm til þess að leika sér (Ingvar Sigurgeirsson, 2010), og í frímínútum gefst þeim þetta svigrúm.

Frímínútur eru skilgreindar sem hlé nemenda á skólatíma frá einbeitingarvinnu. Í flestum tilvikum eru frímínútur frjáls leiktími nemenda utandyra og eru hluti af skipulegum skóladegi þeirra

(Pellegrini og Smith, 1993; Ramstetter, Murray og Garner, 2010; Rúnar Sigríksson, 2010). Allur gangur er þó á því hversu oft þær eru yfir daginn, hversu langar þær eru og hvernig eftirliti með nemendum er háttað í þeim. Í flestum skólum eru einar til þrennar frímínútur, eftir aldri nemenda og lengd skóladagsins. Fræðimenn hafa vakið athygli á almennu námsgildi frímínútna í skipulegum skóladegi (NAECS/SDE, 2001; Ramstetter o.fl., 2010). Rannsóknir hafa sýnt að frímínútur geta haft jákvæð áhrif á úthald, líkamsstyrk og -þyngd nemenda auk þess sem þær geta stuðlað að því að nemendur séu virkari eftir að skóla lýkur. Þessar rannsóknir benda einnig til þess að frímínútur geti haft góð áhrif á félagslegan þroska nemenda þar sem þeir læri að mynda vináttutengsl, setja sig í spor annarra og leysa úr og forðast ágreining (Blatchford, 1989; Jarrett og Waite-Stupiansky, 2009; NAECS/SDE, 2001; Pellegrini og Bohn, 2005; Ramstetter o.fl., 2010).

Það er mikilvægt að líta á frímínútur sem persónulegan tíma nemenda þar sem þeir stjórna sér sjálfir (Rúnar Sigríksson, 2010) en slíkar aðstæður geta losað um streitu og stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd og jákvæðu viðhorfi nemenda til skólans (Waite-Stupiansky og Findlay, 2001). Frjáls leikur í frímínútum hefur auk þess verið talinn auka einbeitingu og draga úr eirðarleysi í kennslustundum (Blatchford, 1989; Jarrett og Waite-Stupiansky, 2009; NAECS/SDE, 2001, Pellegrini og Bohn, 2005; Ramstetter o.fl., 2010). Í ráðleggingum Lýðheilsustöðvar (2008) um hreyfingu er mikilvægi hreyfingar, til dæmis með leikjum í frímínútum, áréttáð. Í ljósi þess að hreyfing barna minnkar með hækkandi aldri er skólum bent á að það „þarf ekki síður að hvetja og styðja unglinga til að hreyfa sig daglega en þá sem yngri eru“ (bls. 21).

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að skapa þurfi skilyrði fyrir nemendur í grunnskólanum svo að þeir fái notið bernsku sinnar og efla með sér sjálfstraust og félagsfærni, virki köpunarkraft sinn og rækti skilning á manngildi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Félagsfærni og almenn samskiptafærni er stór hluti af þeirri almennu menntun sem grunnskólinn á að veita nemendum enda segir í aðalnámskránni að þroska félagsfærni sé grunnur að lífshamingju og lífsfyllingu hvers einstaklings (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Rannsóknir hafa sýnt að tækifærum barna til að taka þátt í frjálsum leikjum með jafnöldrum sínum fer fækkandi, og eru frímínúturnar í skólanum oft einu tækifærin sem börn fá til að auka félagsfærni sína með slíkum leik (Pellegrini og Bohn, 2005). Þess vegna er mjög mikilvægt að leiðbeina nemendum og kenna þeim leiki (Ridgers, Carter, Stratton og McKenzie, 2011) þar sem þau læra sjálf að setja sér reglur, fara eftir þeim og leysa vandamál sem koma upp (Ramstetter o.fl., 2010). Sé það ekki gert getur það leitt til þess að nemendur taki ýmiss konar vandamál, óæskilega hegðun og neikvæð viðhorf með sér inn úr frímínútum og getur það leitt til agavandamála og viðvarandi vanlíðanar í skólanum og jafnvel eftir að honum lýkur (Robert Wood Johnson foundation, 2007). Því er talið mikilvægt að nemendur eigi kost á skipulegum leikjum og þjálfun í að leysa hugsanlegan ágreining (Ramstetter o.fl., 2010).

Fjölbreytt leikjadagskrá í frímínútum, sem er skipulögð í samráði við nemendur, getur aukið líkurnar á að þeir finni afþreyingu við sitt hæfi í frímínútum og þannig getur slík dagskrá gegnt mikilvægu hlutverki í baráttu skóla við einelti (Rúnar Sigríksson, 2010). Með því að auka gæði frímínútna og gera öruggan og heilbrigðan leik að föstum lið í skóladegi nemenda er hægt að tryggja fleiri börnum góðan árangur í skólanum (Robert Wood Johnson foundation, 2007).

Bernsku- og æskuárin eru mikilvægt skeið í ævi hvers einstaklings. Skólinn á að vera griðastaður barna þar sem þau finna öryggi, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Kannanir sýna að íslenskum grunnskólanemum líður betur í skólanum nú en áður (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2013; Umboðsmaður barna, 2010). Engu að síður verður visst hlutfall nemenda oft fyrir einhvers konar stríðni, telur sig verða fyrir einelti og líður illa í skólanum (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2013). Samkvæmt rannsókn á vegum Umboðsmanns barna (2010) líður um 15% nemenda illa og þeir finna fyrir miklu óryggi, bæði á skólalóðinni og í kennslustofunni. Sama rannsókn leiddi í ljós að öryggi á skólalóðum virðist vera ábótavant og nemendur vilji fá betra eftirlit í frímínútum vegna þess að sýnileg viðvera kennara eða annars starfsfólks úti á skólalóðinni virðist veita þeim öryggistilfinningu (Umboðsmaður barna, 2010). Í svörum nemenda við opnum spurningum um það hvað þeim fyndist þurfa að bæta í skólanum vildu þeir meðal annars betri mat, meiri gæslu í frímínútum, betra námsskipulag, fleiri leiktæki á lóðum og láta stöðva einelti (Umboðsmaður barna, 2010). Flest af því sem þarna er talið upp snýr að stöðum og tímum utan kennslustofunnar. Nemendur nefna fyrst og fremst skólalóðina og ganga skólans í frímínútum

sem þá staði þar sem þeim er helst strítt (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2013).

Meirihluti óæskilegrar hegðunar eins og eineltis á sér stað utan kennslustofunnar í frímínútum á stöðum eins og á leikvelli, göngum, í matsal og á salernum en á þeim stöðum eru nemendur oft margir saman undir takmörkuðu eftirliti starfsmanna. Þess má geta að yngri nemendur nefna aðallega skólalóðina sem vettvang eineltis á meðan eldri nemendur tala frekar um ganga skólans (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2013; Olweus, 1993; Ragnar F. Ólafsson, 2008; Rathvon, 2008; Smith, 1999; Vaillancourt o.fl., 2010).

Eftirlit í frímínútum

Þó svo að kostirnir við frímínútur séu margir og flestir séu sammála um að frímínútur séu mikilvægur þáttur í skólastarfinu hafa fræðimenn, kennarar, stjórnendur og foreldrar vaxandi áhyggjur af öryggi nemenda í frímínútunum, þá helst skorti á gæslu eða gæðum gæslunnar (Lewis, Colvin og Sugai, 2000). Virkt eftirlit er eitt af því sem skiptir máli ef frímínútur eiga að ganga vel. Það er misjafnt hvernig gæslu í frímínútum er háttað í íslenskum skólum og hverjir sinna henni. Oft er hún í höndum starfsmanna sem sinna ekki kennslu, og þá helst skólaliða, stuðningsfulltrúa eða gangavarða, en í sumum skólum sinna kennarar einnig frímínútnagæslu. Mikilvægt er að þeir sem sinna gæslu í frímínútum séu upplýstir um stefnu og áherslur skólans varðandi frímínútur og viti vel til hvers er ætlast af þeim. Skýrar leiðbeiningar geta aukið sameiginlegan skilning fólks á tilgangi vinnunnar (Björk Ólafsdóttir, 2010). Erlendar rannsóknir (Blatchford, 1989) sýna að oftast er það ósérhæft starfsfólk sem sér um eftirlit með börnum í leik og starfi á skólatíma, eins og hérlandis. Í riti Lýðheilsustöðvar, Virkni í skólastarfi, segir Rúnar Sigríksson (2010) í kafla sínum um frímínútur að með góðu skipulagi og framboði á afþreyingu megi auka líkurnar á að fleiri nemendur njóti sín í frímínútum.

Agastefna og skólabragur

Agastefna er samræmt vinnulag sem tekur til allra þátta skólastarfsins og allra sem að skólanum koma. Agastefna byggist oftar en ekki á uppeldislegru hugmyndafræði og er mikilvægt tæki fyrir starfsfólk skóla til að viðhalda aga. Skólar eru mismunandi og því verður agastefnan að henta sérstökum aðstæðum skólans (Cowley, 2003). Skólar á Íslandi hafa tekið upp margs konar agastefnur sem eru ólíkar í eðli sínu en allar hafa þær það að markmiði að koma í veg fyrir agavandamál og einelti og stuðla að jákvæðum skólabrag og betri líðan nemenda og starfsfólks. Í 30. grein laga um grunnskóla (nr. 91/2008) segir að öllum aðilum skólasamfélagsins beri að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag. Skólabragur er hugtak sem er erfitt að skilgreina en það vísar til ákveðinnar menningar sem ríkir í hverjum skóla og gerir hann frábrugðinn öðrum. Vinnulag og hefðir innan skólans eiga þátt í því að skapa sérstakan starfsanda sem mótast síðan skólabrag.

Upplifun nemenda af skólanum ræður miklu um það hvernig þeir haga sér og þar af leiðandi vinnu þeirra í skólanum. Ef nemendur mæta á morgnana í skóla þar sem skólabragurinn einkennist af jákvæðni og vinnusemi er líklegt að það skili sér í hegðun þeirra og vinnubrögðum (Cowley, 2003).

Rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns (2006) á viðhorfum starfsfólks grunnskóla til hegðunarvanda nemenda leiddi í ljós að jákvæð viðhorf starfsfólks til nemenda virðast stuðla að góðum skólabrag. Viðhorf starfsfólksins endurspeglast með ýmsum hætti í starfsháttum skólanna og ekki hvað síst í þeim leiðum sem valdar eru til að fást við ýmiss konar erfiða hegðun. Aðrir þættir sem þóttu stuðla að góðum skólabrag voru til dæmis sjálfsmat nemenda, reglulegur samsöngur (sjá einnig Ólöfu Garðarsdóttur, 2008), ýmsar skemmtilegar uppákomur, vinavikur, samvinna árganga og öflug lífsleiknikennsla. Einnig var talið mikilvægt að hlusta á raddir nemenda með því að hafa einstaklingsviðtöl og reglulega bekkjarfundi (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Niðurstöður íslenskra skóla í PISA-könnunum undanfarinn áratug sýna jákvæða þróun skólabrags og bekkjaranda. Breytingar sem hafa átt sér stað milli PISA-kannana eru meðal annars þær að stuðningur kennara við nemendur hefur aukist, samband nemenda við kennara hefur styrkst, nemendur samsama sig nú betur nemendahópnum í skólanum, agi í tímum eykst lítillaga og viðhorf nemenda til skólans batnar einnig lítillaga (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013).

Jákvæður skólabragur getur dregið úr neikvæðum samskiptum, svo sem einelti og öðru ofbeldi, og er því í eðli sínu forvarnastarf (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Einelti er ekki eitt einangrað atvik heldur ítrekað ofbeldi þar sem valdaójafnvægi ríkir milli þess sem verður fyrir eineltinu og þess sem beitir því (Arthur Morthens o.fl., 2001; Olweus, 1993). Það getur birst sem líkamlegt ofbeldi eða andlegt/félagslegt ofbeldi. Útilokun frá jafningjahópnum er eitt birtingarform eineltis og hefur oft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þann sem er útilokaður (Umboðsmaður barna, 2010). Einelti tengist skólabrag einstakra skóla og því hegðunar- og samskiptamynstri sem viðgengst í skólanum. Því er mikilvægt að stefnumótun skóla í eineltismálum sé tengd heildarumhverfi skólans og hafi það að markmiði að tryggja skólaumhverfi þar sem nemendum líður vel og þeir búa við öryggi (Arthur Morthens o.fl., 2001). Aukið öryggi í skólanum dregur ekki bara úr einelti heldur stuðlar að góðum skólabrag sem getur dregið úr agabrotum og stuðlað að betri námsárangri (Vaillancourt o.fl., 2010).

Samantektin hér að framan gefur til kynna að frímínútur gegni ýmsum hlutverkum og hafi mismunandi vægi í námsskipulagi nemenda. Það er allur gangur á því hversu skipulagðar þær eru og hvort lítið er á þær sem frjálsan leik eða hluta af námi nemenda. Alla jafna sinnir ófaglært starfsfólk gæslu nemenda í frímínútum. Í þessari rannsókn er leitast við að fá innsýn í frímínútur út frá sjónarhorni starfsfólksins sem sinni frímínútnagæslu. Markmið rannsóknarinnar var því að kanna hvernig frímínútur er háttað í tveimur grunnskólum, hversu mikilvæg agastefna skólanna virðist vera fyrir starfsfólk þeirra í daglegum störfum og að rýna í samspil frímínútna og skólabrags skólanna.

Rannsóknin

Eigindleg aðferðafræði (Creswell, 2012) var valin í ljósi markmiða rannsóknarinnar, en af þeim leiðir að viðhorf starfsfólksins eru í forgrunni og upplifun þess og reynsla af frímínútum. Rannsóknin var gerð í tveimur skólum í einu bæjarfélagi sem eru mjög líkir að flestu leyti nema að annar skólinn, skóli A, er tiltölulega nýr og hafði ekki sett sér agastefnu þegar rannsóknin var gerð, fyrir utan almennar skólareglur, en hinn skólinn, skóli B, er eldri og hefur innleitt markvissa agastefnu. Nemendafjöldi skólanna beggja er á bilinu 400 til 500. Af siðferðislegum ástæðum og til að tryggja nafnleynd verður skólunum ekki lýst nánar.

Gögn

Gagnaöflun var fjölþætt og fólst í viðtölum, vettvangsathugunum, skjalagreiningu og greiningu á niðurstöðum úr Skólapúlsinum. Tekin voru hálfopin viðtöl við fjóra starfsmenn, tvo í hvorum skóla. Viðmælendur í skóla A voru báðir tæplega þrítugir, karl og kona, hún með stúdentspróf en hann með grunnskólapróf. Þau fá gervinöfnin Anna og Ari. Viðmælendur í skóla B voru rúmlega fertug kona og karl, bæði með grunnskólapróf en konan hafði bætt við sig sérstöku stuðningsfulltrúanámi. Þau fá gervinöfnin Bára og Baldur. Viðtölin tóku 30–45 mínútur og voru hljóðrituð og síðan afrituð strax að þeim loknum. Gerðar voru vettvangsathuganir í eina viku í hvorum skóla þar sem fylgst var með nemendum og starfsfólki í frímínútum og atvik sem áttu sér þar stað voru skráð eftir fyrirframgerðum gátlista. Gátlistinn var eins konar rammi um skráningu atvika sem upp komu hjá nemendum á skólalóðinni, svo sem rifrildi, slagsmál, stríðni og útskúfun, og skráningu á staðsetningu atvikanna og viðbrögðum, til dæmis íhlutun starfsmanna. Atferli starfsmanna var einnig skráð, til dæmis spjall við nemendur og við aðra starfsmenn, hversu hreyfanlegir starfsmenn voru og þátttaka þeirra í leikjum. Lýsingar á skólalóð og leiktækjum voru einnig á gátlistanum. Stjórnendur ákváðu að ekki væri þörf á því að afla leyfa hjá foreldrum nemenda fyrir vettvangsathugunum þar sem einungis atvik og hegðun starfsfólks og nemenda væri skráð og ekki væri hægt að rekja skráningu til einstaklinga. Teknar voru myndir af skólalóð og aðstöðu í skólunum en þess var gætt að myndirnar væru teknar þegar börn voru ekki á staðnum. Öllum myndum og upptökum var eytt að úrvinnslu lokinni. Fyrirliggjandi gögn frá skólunum voru einnig greind, þ.e. skólanámskrár, starfsáætlanir, eineltisáætlunir og lýsingar á agakerfum og umgengnisreglum. Til þess að auka breidd gagnanna voru niðurstöður skólanna í Skólapúlsinum (rafrænt sjálfsmatskerfi fyrir skólafólk, sjá: www.skolapulsinn.is) greindar, sérstaklega það sem sneri að líðan nemenda og einelti, og þær bornar saman við viðtöl, vettvangsathuganir og agastefnu skólanna.

Úrvinnsla

Gögnin voru kóðuð og greind í þemu: (sjá töflu 1, Flokkun rannsóknargagna): Starfslýsingar og starfsþjálfun, skipulag frímínútna, agastefna, skólabragur og líðan, samskipti og samstarf og hugsanlegar breytingar sem viðmælendur vildu sjá í sínum skóla.

Tafla 1 - Flokkun rannsóknargagna.

Kóðar:	Þemu:
Bakgrunnur, menntun og reynsla	
Starfslýsing, ábyrgð og skyldur	Starfslýsingar og starfsþjálfun
Starfsþjálfun og námskeið	
Frímínútur – skipulag	Skipulag frímínútna
Skólareglur og agastefna	Agastefna
Líðan nemenda og viðmælenda	Skólabragur og líðan
Skólabragur	
Samstarf við stjórnendur	Samskipti og samstarf
Samstarf við kennara	
Hugsanlegar breytingar	Hugsanlegar breytingar

Skólastjórnendum var sent kynningarbréf í tölvupósti þar sem gerð var grein fyrir rannsókninni og helstu markmiðum hennar til þess að þeir og viðmælendur gætu tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku. Skólastjórnendur vísuðu á þá starfsmenn skólans sem sinntu frímínútnagæslu og gáfu rannsakendum leyfi til að hafa samband við þá vegna viðtala. Viðmælendur voru upplýstir um rétt sinn til þess að svara ekki einstaka spurningum eða hætta þátttöku hvenær sem væri í ferlinu áður en þeir veittu samþykki fyrir þátttöku (Creswell, 2012). Til þess að auka líkur á þátttöku skólanna og til að endurgjalda greiðann var skólunum boðið að nýta niðurstöður rannsóknarinnar í mat og þróun skólastarfsins.

Réttmæti, siðferði og takmarkanir

Allar eigindlegar rannsóknir krefjast túlkunar, sem litast af dómgreind og siðferði rannsakanda. Túlkun eins rannsakanda er ólík túlkun allra annarra, hún er ekki endilega réttari eða nákvæmari heldur er hún lituð af viðhorfi hans (Creswell, 2012). Til að auka trúverðugleika niðurstaðna var gagna aflað með fjölbreyttum hætti, þ.e. viðtölum og vettvangsathugunum, sem og skjalagreiningu (Maxwell, 2005).

Rannsóknin var tilkynnt til persónuverndar áður en vinna hófst. Til þess að tryggja nafnleynd voru skólunum og viðmælendum gefin dulnefni og ekki tilgreint hvaða agastefnu er framfylgt í skóla B.

Takmarkanir rannsóknarinnar felast fyrst og fremst í takmörkuðu alhæfingargildi hennar þar sem þátttökuskólarnir voru einungis tveir, og viðmælendur aðeins fjórir. Skólarnir eru í sama bæjarfélagi og endurspeglar því áherslur bæjarfélagsins í skóla- og starfsmannamálum. Niðurstöðurnar er ekki hægt að yfirfæra á aðra skóla eða aðra starfsmenn skóla almennt þar sem um persónuleg viðhorf viðmælenda er að ræða. Einnig gæti annar munur á milli skólanna en stefna þeirra í agamálum ráðið miklu um ólík viðhorf viðmælenda, eins og til dæmis aldur þeirra og kyn. Þá gætu aðrir þættir en fyrirkomulag frímínútna skýrt mun á líðan nemenda í skólunum, svo sem skólahverfi og heimilisaðstæður.

Niðurstöður

Niðurstöður verða kynntar út frá fyrrgreindum meginþemum sem gagnagreiningin leiddi í ljós og eru: Starfslýsingar og starfsþjálfun, skipulag frímínútna, agastefna, skólabragur og líðan, samskipti og samstarf. Í ljósi þess að viðmælendur eru einungis fjórir var valin sú leið að hafa fremur fáar beinar tilvitnanir en í stað þess eru ummæli höfð eftir viðmælendum í óbeinni ræðu.

Starfslýsingar og starfspjálfun

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að eftirlit með nemendum í frímínútum í skólunum tveimur sé fyrst og fremst í höndum ófaglærðs starfsfólks. Allir viðmælendurnir í rannsókninni höfðu litla sem enga framhaldsmenntun og aðeins einn af fjórum hafði lokið sérstöku stuðningsfulltrúanámi. Starfslýsing bæjarins á umræddum störfum var óljós og ekki tæmandi. Við nýafstaðna hagræðingu hjá bæjarfélaginu var starfsstéttin endurskilgreind þannig að allir sem ekki fengust við kennslu innan skólanna voru settir í tvo flokka: starfsmaður skóla I (án stuðningsfulltrúamenntunar) og II (með stuðningsfulltrúamenntun) (áður til dæmis stuðningsfulltrúar og gangaverðir). Skólastjóri má útfæra starfslýsinguna eftir þörf skólans og nota starfsheitin stuðningsfulltrúi, gangavörður og skólaliði þó svo að bærinn geri ekki greinarmun þar á. Litið er á þessa starfsmenn sem „fjölnota starfsfólk“ sem á að geta gengið í öll þau störf í þágu skólans sem skólastjóri ákveður. Viðmælendur voru mjög ósáttir við þessa starfslýsingu og þeim finnst þeir vera settir í of fjölbreytt verkefni og bera of mikla ábyrgð miðað við laun. Þeim fannst einnig mjög óskýrt hvað væri í verkahring hvers og eins og fannst sú hagræðing sem bærinn nærði fram með breyttri starfslýsingu a.m.k. ekki hafa skilað sér til sín.

Ari í skóla A og Báru í skóla B skilgreindu sig sem stuðningsfulltrúa þar sem þau fylgja ákveðnum árgangi, og þá sérstaklega tilteknum nemendum með skilgreindar sérþarfir innan þess árgangs, meðal annars út í frímínútur. Báru fannst vera litið fram hjá því að hún sé sérstaklega búin að mennta sig sem stuðningsfulltrúi (sbr. starfslýsingu II) og fannst til dæmis ekki rétt að gangavörðum væri nú falið að láta nemendahópa lesa. Henni fannst það eingöngu vera á verksviði stuðningsfulltrúa. Ari sagði að hlutverk þeirra sem stuðningsfulltrúa væri meðal annars að styðja nemendur ef upp kæmu vandamál, brjóta upp einelti, sinna gæslu og þrífum. Hann taldi að hann ætti að fá undirbúningstíma eða einhvers konar samráðsfund með kennurunum sem hann starfar með frekar en að vera settur í þríf á starfsdögum skólans. Viðmælendur voru allir sammála um að þeir hefðu fengið mjög takmarkaða starfspjálfun og engin námskeið sem nýttust þeim í starfi, þó að þeir hefðu beðið um slíkt.

Skipulag frímínútna

Að mati viðmælenda ganga frímínúturnar vel þegar vaktir eru fullmannaðar. Um leið og starfsfólk vantar á vaktirnar verður allt mun erfiðara þar sem afleysing er sjaldan í boði. Þá er eins og komi frekar upp vandamál og þeir hafa áhyggjur af því að það sé margt sem fari fram hjá þeim af því að þeir hafi ekki yfirsýn. Anna hafði eftirfarandi að segja um þetta:

maður náttúrulega sér ekki allt, skilurðu ... og því miður þá gerast ljótu hlutirnir oftast í felum ... og það er svolítið svona um einelti og maður reynir að grípa inn í en þá er kannski skaðinn skeður og barninu líður illa og búið að særa það ...

Frímínúturnar eru að þeirra mati sá tími þegar „allt“ gerist, bæði jákvætt og neikvætt, og vandamál bæði skapast og leysast. Nemendur geti þess vegna tekið vandamál með sér út í frímínútur og aftur inn í kennslustofu að þeim loknum. Það fari oft mikill tími í að setja kennarann inn í málin og annar eins tími í að leysa þau. Ari lýsti þessum tveimur ólíkum heimum og hvernig hegðun barna í skólastofunni geti verið önnur en í frímínútum:

Þú sérð rólegu börnin, þau eru á hlaupum ... þau eru, þú veist ... þetta er allt annar vettvangur ... þar eru krókar og kimar sem hægt er að ... sem margt getur gerst í og það eru vinslit ... og það er verið að mynda vana... sambönd ... og það er rifrildi og það eru meiðsli, það er ... hvað er ekki ... það er allt að gerast í frímínútum.

Í báðum skólunum eru það stjórnendur sem skipuleggja eftirlit starfsmanna í frímínútum og hádegismat og hafa starfsmennirnir lítið um það að segja. Í báðum skólum sjá kennararnir að einhverju leyti um eftirlit í matsal en í hvorugum skólanna fara kennararnir út í frímínútur. Í skóla A eru færri starfsmenn sem sinna eftirliti á útisvæði en í skóla B og í skóla A fara auk þess einungis stuðningsfulltrúar út. Samkvæmt upplýsingum frá Baldri fara bæði gangaverðir og stuðningsfulltrúar út í skóla B og eru tíu til tólf starfsmenn úti í fyrstu frímínútum. Í sömu frímínútum fara sex stuðningsfulltrúar út samkvæmt skipulagi í skóla A. Munurinn sést betur í töflu 2 sem sýnir fjölda starfsmanna í frímínútum í hvorum skóla.

Tafla 2: Fjöldi starfsmanna í frímínútum.

Skóli	Fyrstu frímínútur	Fyrri hádegisfrímínútur	Seinni hádegisfrímínútur
Skóli A	6–8 starfsmenn	4 starfsmenn	2 starfsmenn
	307 nemendur	192 nemendur	115 nemendur
Skóli B	10–12 starfsmenn	6–7 starfsmenn	5 starfsmenn
	281 nemandi	140 nemendur	141 nemandi

Viðmælendur töldu að flestum nemendum liði vel í frímínútum. Þeir höfðu þó áhyggjur af því að það væri ekki nógu mikið fyrir nemendur að gera í frímínútum og allir nefndu að þeir vildu sjá fleiri leiktæki, sérstaklega rólur sem séu vinsælar fram eftir öllum aldri. Baldur, sem hefur 16 ára starfsreynslu af gangavörslu og frímínútnagæslu, sagði:

... persónulega er ég búinn að segja það í mörg ár, myndi ég vilja sjá alla vega tveimur til fjórum rólum fleiri ... og ... hérna ... já ... og eitthvað eitt leiktæki í viðbót ... við erum með fjórar rólur og eitt vegasalt en miðað við fjölda þá þarf meira.

Allir viðmælendur sögðu að margir nemendur væru tregir til að fara út og röktu það meðal annars til aðgerðaleyfis og vinalæysis og töldu að slíkt væri uppspretta vandamála. Þeir sögðust reyna að leiðbeina nemendum og aðstoða þá eftir bestu getu. Bára lýsti því vel hve mikilvægt það er að starfsfólkið gefi sér tíma fyrir þá sem eiga erfitt:

sko ... sumum náttúrulega líður ekki vel ... og þá koma þau til dæmis og vilja labba með manni aðeins og maður fær sér göngutúr og stundum ... sum börn stoppar maður og spjallar aðeins við og maður gerir það líka, þú veist, gefur sér stundum svona „one on one“ tíma svona með þeim.

Viðmælendur voru sammála um að yngri nemendur þyrftu meiri aðstoð úti í frímínútum en eldri nemendur. Þeir vilja meina að þó svo að tiltölulega fáir nemendur eigi í erfiðleikum alla sína skólagöngu, þá sé vandi þeirra oft þess eðlis að starfsfólkið ráði illa við hann án aðstoðar enda sé það ekki sérstaklega þjálfað til að taka á erfiðum agamálum. Viðmælendur voru allir sammála um að það væri mikilvægt að starfsfólk væri úti sem þekkti börnin vel.

Viðmælendum í báðum skólum fannst sum svæði skólalóðarinnar erfiðari en önnur. Í fyrsta lagi fannst þeim vera mest um árekstra á boltavöllunum og alls staðar þar sem nemendur væru í keppnisþróttum. Það komi oft upp ósætti um reglur og svo séu alltaf ákveðnir einstaklingar sem ráði ekki við það að tapa. Í öðru lagi nefndu þeir opnu svæðin við skólana þar sem frjáls leikur og snjókast fari oft úr böndunum. Auk þess sögðu þeir að nemendur ættu oft erfitt með að virða mörk skólalóðarinnar þar sem hún væri ekki afgirt. Í skóla A mega starfsmenn nota flautur til að húa í börnin ef þau fara of langt en þeir mega ekki nota þær í öðrum tilvikum, þó svo að bæði Ari og Anna teldu þörf á því. Viðmælendur beggja skóla sögðu að yfirleitt væri stöðugleiki í agavandamálum en það kæmu erfið tímabil, sem þeir kenndu oftar en ekki um manneklu eða slæmu veðurfari, til dæmis miklum snjó.

Agastefna

Baldur og Bára í skóla B sögðu bæði að það hefði verið ágætlega staðið að innleiðingu agastefnu skólans og að þau hefðu fengið góða þjálfun í upphafi. Þau sögðu bæði að með tilkomu agastefnunnar hefði vinnulag starfsfólks og hegðun nemenda breyst til hins betra. Á haustin væri agastefnan kynnt fyrir nýjum nemendum og starfsfólki og kennarar færu með nemendur á öll svæði og útskýrðu til hvers væri ætlast af þeim á hverjum stað fyrir sig. Það sem Báru fannst einna best við stefnuna var skýrt vinnuferli og hversu ljóst það væri hvað henni bæri að gera í öllum aðstæðum:

Mér finnst hún [agastefnan] mjög góð ... þetta var rosalegur munur eftir að við settum þetta á. Þetta bara gerði manni svo gott, að hafa bara svona svart á hvítu hvað á að gera og hvernig þú átt að bregðast við hinum og þessum brotum og það var bara stórmunur að fá það ...

Hún sagði að starfsfólk skólans væri duglegt að fylgja öllum málum eftir og að það væri miklu meiri samræming í viðbrögðum starfsmanna við agabrotum nú en áður. Nemendur vissu einnig betur til hvers væri ætlast af þeim. Reglur um hegðun væru mjög sýnilegar uppi á veggjum í öllum rýmum skólans en væru hugsanlega of hátt uppi á veggjum fyrir allra yngstu nemendurna. Hún sagði að það væri samt auðveldara að fá yngri krakkana til að fara eftir reglunum en þá eldri. Þó svo að það væru skiptar skoðanir um stefnuna sagðist hún ekki efast um að hún skilaði árangri. Það kæmu að sjálfsögðu „dauð“ tímabil þar sem agastefnan gleymdist aðeins en svo fengju starfsmenn „spark í rassinn“ og tækju vel við sér. Baldur sagði að honum fyndist allt í lagi að vinna eftir stefnunni en að starfsfólkið væri misjafnlega duglegt að fylgja henni. Bára og Baldur sögðu að þjálfun nýrra starfsmanna væri fyrst og fremst í höndum samstarfsmanna þeirra og að það væri engin sérstök fræðsla fyrir nýja starfsmenn um agastefnuna.

Í skóla A er að mestu leyti unnið eftir skólareglum og óskráðum munnlegum tilmælum stjórnenda. Ara og Önnu fannst stefna stjórnenda í agamálum vera að mörgu leyti óskýr og sögðu að henni væri misjafnlega fylgt eftir. Anna sagði:

Nei, mér finnst ekki útskýrt fyrir þeim [nýjum starfsmönnum] hverjar reglurnar eru almennilega. Mér finnst það bara rosalega misjafnt [viðbrögð við broti á skólareglum] ... hver er að kenna einstaklingnum ... eða fer þetta upp til stjórnenda eða ... orsök og afleiðing er bara rosalega misjöfn eftir því á hvaða kennara eða skólastjórnanda þú lendir ... og við fáum líka skömm í hattinn fyrir að hafa brugðist svona eða hinsegin við.

Þau sögðu að áherslu stjórnenda í agamálum hefði fyrst og fremst verið miðlað með munnlegum fyrirmælum sem þau væru ekki viss um að allir nýir starfsmenn fengju. Þau nefndu þar helst þá stefnu stjórnenda að kennarar og starfsmenn ættu ekki að skamma börnin heldur tala við þau og leiðbeina þeim án þess að hækka róminn. Þau sögðu að það væri ekki alltaf hægt að fara eftir þessari stefnu og sagði Ari að sumir nemendur tækju ekki mark á því sem sagt væri nema að þeim væru gefin mjög ákveðin skilaboð, sérstaklega í hita leiksins þegar þeir yrðu mjög æstir. Þau sögðu að það færi algjörlega eftir því á hvaða kennara, stjórnanda eða starfsmanni nemandi lenti hvernig og hvort tekið væri á óviðeigandi hegðun hans eða broti á skólareglum. Það væri óljóst hver viðbrögð starfsmanna skólans ættu að vera ef þeir yrðu vitni að slíkum brotum.

Skólareglurnar sögðu þau að væru hvergi sýnilegar í almennum rýmum skólans þó svo að einstaka umgengnisreglur eða bekkjasáttmála mætti sjá hangandi uppi á vegg. Á hverju hausti fengju nýir starfsmenn bækling þar sem skólareglurnar væru skráðar. Auk þess væru þær aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Anna og Ari voru sammála um að yngri nemendur væru almennt duglegri að fara eftir reglunum en þeir eldri reyndu frekar að koma sér undan þeim. Þau sögðu að það væri mikið um óskráðar reglur og nemendur á sérsamningum. Það að eitt gengi ekki yfir alla nemendur gerði þau mjög óörugg í starfi. Þau sögðu bæði að það væri algengt að nemendur væru með „sérsamninga“ í frímínútum og í almennum samskiptum. Anna sagði að sumir nemendur þyrftu ekki að fara út af því að þeir vildu það ekki og það væri erfitt að eiga við þá. Aðra nemendur mætti ekki skamma eða snerta. Hún sagði að slíkt væri erfitt að halda utan um þar sem boðskipti skorti. Hún sagðist ítrekað hafa lent í því að vera ávituð fyrir að bregðast ranglega við í aðstæðum sem vörðuðu þessa nemendur án þess að hafa verið tjáð hver sérsamningur viðkomandi væri. Þau hafa hvorki fengið leiðsögn og þjálfun í agamálum slíkra nemenda né agamálum almennt. Ari sagði að sér væri orðið ljóst hvernig ætti að bregðast við óviðeigandi hegðun nemenda, nema í tilvikum viðkvæmra nemenda með sérþarfir og sérsamninga. Þeim finnst þetta fyrirkomulag valda óöryggi hjá starfsfólki og oftast en ekki reiði meðal annarra nemenda þar sem þeim finnst þeim vera mismunad. Þau höfðu bæði mjög takmarkaða trú á þessari nálgun stjórnenda. Þó að þeim fyndist góft að reynt væri eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir einstaklinga, þá virkaði þessi stefna ekki mjög vel „úti á gólfi“.

Skólabragur og líðan

Viðmælendur í báðum skólum voru sammála um að frímínútur væru nauðsynlegar fyrir nemendur og skólabrag skólans þar sem þær veittu nemendum nauðsynlega útrás og hvíld frá einbeitingarvinnu. Þeir sæju það best á þeim dögum sem nemendur kæmust ekki út vegna veðurs. Ari sagði:

Það léttir á krökkunum [að fara út í frímínútur] ... það gerir það, þau fá þessa útrás fyrir það sem byggist upp inni í þeim í tímum ... ég held að þetta hjálpi skólustarfinu mjög mikið.

Starfsmenn beggja skóla töldu að líðan nemenda í skólunum væri almennt góð. Anna taldi að það hefðu orðið miklar framfarir í eineltismálum og líðan nemenda í skóla A á þeim sjö árum sem hún hefði starfað í skólanum og að það væri yfirleitt tekið á þeim málum sem kæmu upp. Hún segir að kannanir á líðan nemenda bendi samt til þess að það sé margt sem starfsmenn sjá ekki og taldi hún allt of mikið af skotum og svæðum við skóla A sem væru ekki sýnileg starfsfólki. Önnu og Ara fannst allt of margir nemendur vera tregir til að fara út, sem þeim fannst benda til ákveðinnar vanlíðanar í frímínútum. Þau sögðu þessa nemendur sem vildu ekki fara út oft vera þá sömu og væru aðgerðalausir eða vinalausir úti. Þau töldu aðgerðaleysi einnig leiða til þess að nemendur brytu frekar af sér og skapa þannig hegðunarvanda hjá þeim. Þeim fannst einnig að frímínútur gætu alveg verið val. Ari sagði til dæmis:

Ég held að það mætti leyfa börnunum kannski aðeins meira að velja hvort þau séu tilbúin til að fara út eða vilja vera inni ... af því að þau upplifa sig líka vera soldið mikið neydd til að fara út ... og þau vilja ekkert fara út ... það eru ekkert allir sem fíla það að vera úti í rigningu eða í snjókomu ... í sólinni ... af hverju ættum við að neyða barnið til að ... láta því líða illa úti í frímínútum?

Í skóla B voru líka nemendur sem voru tregir til að fara út en Baldur og Bára sögðu að oft væri einnig erfitt að fá þá sömu inn aftur. Báru fannst nauðsynlegt að stuðningsfulltrúi væri í hverjum árgangi því að þeir lærðu að þekkja nemendurna og væru fljótari að sjá þegar eitthvað væri að eða einhver breyting væri á hegðun. Hún sagði að það væri nauðsynlegt að nemendur hefðu fulltrúa úti sem þeir gætu leitað til þar sem kennarar væru ekki úti í frímínútum. Baldur sagði að stundum væri eitthvað meira að hjá nemendum og meira á bak við samskiptavandann sem ylli því að það væri takmarkað sem starfsfólkið gæti gert nema með frekari leiðsögn.

Bæði skóli A og skóli B nota kannanir Skólapúlsins til þess að kanna reglulega líðan nemenda í sínu innra mati. Kannanir sem gerðar voru á skólaárinu 2013–2014 bentu til þess að tíðni eineltis færi lækkandi í skóla A á meðan landsmeðaltal eineltis í þátttökuskólum Skólapúlsins hækkaði. Þó er ekki um mikinn mun að ræða. Samkvæmt niðurstöðum kannana Skólapúlsins í skóla B á vorönn 2013 var tíðni eineltis hærrí í skólanum en uppsafnað landsmeðaltal og hærrí en uppsafnað meðaltal skóla A. Þegar staða skólanna var tekin saman í mars 2014 var uppsafnað meðaltal eineltis töluvert lægra í skóla A en skóla B. Báðir skólar hafa sérstök eineltisteymi og vinnuáætlanir sem settar eru í gang ef grunur um einelti kemur upp.

Anna og Ari sögðu að þeim sjálfum liði yfirleitt vel í frímínútum en það væri misjafnt eftir dögum, veðri, staðsetningu og hvort þau væru undirmönnuð eða ekki. Ef þau væru undirmönnuð væru frímínúturnar mjög erfiðar. Eins og Ari sagði: „Maður hlakkar til þegar þær [frímínútur] koma og maður hlakkar til þegar þær eru búnar.“ Báru og Baldri leið báðum mjög vel í frímínútum og fannst þær skemmtilegar, þó svo að leiðinlegt veður setti strik í reikninginn til lengdar.

Samskipti og samstarf

Samskipti, upplýsingaflæði og gagnkvæm virðing er mjög mikilvæg í öllum samskiptum innan grunnskólanna. Hjá viðmælendum mátti greina örflútt mun í umræðu þeirra um samskipti við stjórnendur og kennara. Viðmælendur í skóla A voru heldur neikvæðari í garð stjórnenda og kennara en viðmælendur í skóla B og sögðu til dæmis að þeim fyndust frímínúturnar vera of mikil geymsla fyrir nemendur á meðan kennarar og stjórnendur færu í kaffi.

Ari og Anna sögðu að þau hefðu oft verið kölluð á fundi til þess að benda þeim á hvað mætti betur fara og meðal annars verið ítrekað við þau að starfsfólkið ætti að dreifa sér betur og minnka spjall sín á milli. Stjórnendur vissu hins vegar ekki að stór hluti af spjalli þeirra snerist um starfið. Þau töldu þessi samskipti nauðsynleg til þess að miðla upplýsingum og leita ráða; eins og Anna sagði: „... stundum eru bara mörg mál sem koma [upp] í hverjum frímínútum, stundum er ekki neitt ... mér finnst oft eins og fólk haldi að við séum bara einhvers staðar á spjallinu.“

Til þess að koma til móts við þörf starfsfólksins fyrir samráð og upplýsingamiðlun fær ófaglært starfsfólk skóla B samráðsfund með stjórnendum að jafnaði aðra hverja viku. Þar gefst tækifæri til að ræða saman og bera saman bækur, til dæmis um frímínúturnar. Bára sagði að það hefði verið mjög góð breyting og sagði jafnframt að stjórnendur hlustuðu vel á þau þegar kæmu upp vandamál. Þegar þau hefðu verið í vandræðum með mönnun í mesta snjónum hefðu stjórnendur oft komið út til þess að veita þeim aðstoð og það taldi hún mjög gott. Ari sagðist muna eftir einu til þremur skiptum árið áður þar sem kallað var eftir aðstoð út í frímínútur í skóla A og skólastjórnandi kom út til að aðstoða, annars hefði svarið oftast verið að það væri engum til að dreifa þegar hefði vantað mannskap út. Hann sagði kennara ekki hlaupa svo glatt til þegar það vantaði aðstoð í frímínútum.

Í skóla A sögðust Ari og Anna stundum hafa upplifað vanvirðingu frá kennurum og fannst kennararnir ekki sýna starfi þeirra skilning. Anna sagðist oft fá þá tilfinningu að kennarar héldu að þau stæðu „bara einhvers staðar á spjalli“ í stað þess að sinna starfinu. Ara fannst kennararnir að sama skapi vera of oft á kaffistofunni þegar þeir ættu að sinna undirbúningi og fannst það sérstaklega gremjulegt á starfsdögum þegar þau væru sett í að þrifa. Bæði sögðu þau að þeim fyndist kennararnir ætlast til þess að þau væru komin inn úr frímínútum um leið og bjallan hringdi og þeim fyndist ekki vera skilningur á því að þau þyrftu oft að útkljá mál sem kæmu upp í frímínútum og kæmust þess vegna ekki strax inn. Þeim fannst vera ætlast til að þau væru „í öllu og alls staðar“. Þeim fannst báðum að kennarar ættu að vera með nemendum úti í frímínútum til þess að kynnast þeim í ólíkum aðstæðum.

Baldur og Bára segja kennara mjög misjafna en það sé algjör undantekning ef þau lenda á kennurum sem eru erfiðir í samstarfi eða sýna þeim takmarkaða virðingu. Baldur sagði að einstaka kennara fyndist að þau ættu að gera meira en þau gerðu eða hlaupa til þegar honum hentaði en almennt væri það stefna skólans að allt starfsfólkið væri í sama liði. Hvorki Baldur né Bára töldu þörf á því að kennarar sinntu eftirliti í frímínútum og sagði Baldur það einfaldlega aldrei hafa þurft í skóla B. Þau sögðu að það myndi þó kannski ekki saka.

Umræður

Hér verður fjallað um niðurstöðurnar í ljósi þess fræðilega grunns sem rannsóknin er byggð á. Til umfjöllunar verða starfslýsingar og hlutverk starfsfólks, frímínútur og samskipti og agastefna. Í samantektarkafli verða heildarniðurstöður bornar saman og reifaðar.

Starfslýsingar og hlutverk

Eins og bakgrunnur viðmælenda þessarar rannsóknar ber vitni um er gæsla í frímínútum oftast í höndum þeirra starfsmanna sem sinna ekki kennslu og þá helst skólaliða, stuðningsfulltrúa eða gangavaraða. Nær undantekningarlaust er það ósérhæft og láglænað starfsfólk sem sér um eftirlit með börnum í leik og starfi á skólatíma. Þessi staða er ekki óalgeng í skólum, eins og Blatchford (1989) lýsir. Ekki má þó vanmeta þá þekkingu sem ófaglært starfsfólk öðlast með starfsreynslu, aldri og þroska. Viðmælendum sem starfa sem stuðningsfulltrúar finnst starfslýsing sín vera óljós og að þeir séu settir í of mörg og ólík verkefni innan skólans. Hagræðingaraðgerðir bæjarfélagsins sem leiddu til þess að starfsfólk grunnskólanna missti sérstök starfsheiti sín og varð að „fjölnota“ starfsfólki mælast ekki vel fyrir hjá viðmælendum, sem meðal annars hafa áhyggjur af of lítilli gæslu í frímínútum. Slíkar áhyggjur koma einnig fram í umfjöllun Lewis, Colvin og Sugai (2000) sem segja að huga þurfi að gæðum gæslunnar samhliða öryggi nemenda.

Virkt eftirlit starfsfólks eykur líkur á því að það geti gripið tímanlega inn í erfiðar aðstæður og yfir undir uppbyggjandi leik nemenda. En eins og Lewis, Colvin og Sugai (2000) benda á, þá er virkt eftirlit eitt af því sem skiptir hvað mestu máli ef frímínútur eiga að ganga vel. Ekki er nóg að manna frímínútur því markvisst eftirlit þarf að eiga sér stað, sérstaklega á álagstímum. Það sýndi sig í vettvangsathugunum að sýnileiki og nærvera starfsfólks dugði oft til að koma í veg fyrir óæskilega hegðun nemenda. Þar af leiðandi skiptir miklu máli að starfsfólk sé hreyfanlegt þegar margir nemendur eru dreifðir út um stóra skólalóð á sama tíma.

Það er mikilvægt að starfsfólk skólanna fái góðar leiðbeiningar svo það átti sig vel á til hvers er ætlast af því. Leiðbeiningar bæta einnig sameiginlegan skilning fólks á tilgangi vinnunnar (Björk

Ólafsdóttir, 2010). Í þessu samhengi benda Waite-Stupiansky og Findlay (2001) á að starfsfólk skólanna verði að vita til hvers er ætlast af því, geta samræmt vinnubrögð og það þurfi að fá viðeigandi þjálfun, til dæmis í að leysa ágreining og að koma auga á hættur á skólalóð. Starfsmenn sem telja sig ekki þekkja stefnu skólans og finnst áherslur stjórnenda ekki vera skýrar, líkt og í tilfalli Ara og Önnu í skóla A, gefa vísbendingar um að stjórnendur þurfi annaðhvort að gefa starfsfólkinu meiri leiðsögn eða innleiða skýrari stefnu í samráði við allt starfsfólk skólans. Í skóla B fær ófaglært starfsfólk skólans samráðsfund með stjórnendum aðra hverja viku. Fundirnir eru meðal annars nýttir til upplýsingaöflunar og viðmælendur telja þetta framfaraskref og upplifa að á þá sé hlustað.

Frímínútur og samskipti

Viðmælendur rannsóknarinnar telja allir að of mikið sé um vandamál í frímínútum þó svo að sum tímabil séu erfiðari en önnur, til dæmis þegar veður er vont og mikil forföll starfsfólks. Þá kemur fram að nemendur taki bæði með sér vandamál út í frímínútur og komi inn úr frímínútum með óleystan ágreining. Þetta lýsir vel mismunandi stöðu og hlutverki frímínútna, bæði sem persónulegs frítíma nemenda (Ramstetter, Murray og Garner, 2010) og hluta af skipulögðum skóladegi nemenda (Rúnar Sigríksson, 2010).

Viðmælendur segja einnig að margt jákvætt eigi sér stað í frímínútunum, til dæmis gefst nemendum þar gott tækifæri til að leysa ágreining og mynda og styrkja vináttutengsl og margir nemendur fái í frímínútum nauðsynlega útrás og hlé frá þeim kröfum sem gerðar eru í kennslustofunni. Rannsóknir sýna að frímínútur geta haft góð áhrif á félagslegan þroska nemenda þar sem þeir læra þar að mynda vináttutengsl, setja sig í spor annarra og leysa úr eða forðast ágreining (sjá til dæmis Blatchford, 1989; Jarrett og Waite-Stupiansky, 2009; NAECS/SDE, 2001; Pellegrini og Bohn, 2005; Ramstetter o.fl., 2010). Við teljum jafnframt að lýsingar starfsfólksins á þessu félagslega hlutverki frímínútna rími vel við eitt af hlutverkum starfsfólks skóla eins og því er lýst í aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013), sem felst í því að efla félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Þetta er mjög mikilvægt því rannsóknir hafa sýnt að frjáls leikur barna með jafnöldrum sínum fer minnkandi og frímínúturnar í skólanum eru því oft eini vettvangurinn sem börn hafa til að auka félagsfærni sína með leik (Pellegrini og Bohn, 2005).

Agastefna

Skóli B hefur innleitt agastefnu og telja viðmælendur úr þeim skóla að heildræn agastefna nýtist starfsfólki vel í frímínútum, til dæmis sé vinnulag skýrara en áður var og starfsfólk viti betur hvernig bregðast skuli við tilteknum atvikum. Tilgangurinn með því að innleiða heildræna agastefnu er meðal annars sá að samræma betur vinnulag starfsfólks og vinna markvisst gegn ofbeldi, einelti og útskúfun, eins og skólum ber að gera lögum samkvæmt (sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í niðurstöðunum kemur auk þess fram að viðhorf viðmælenda til starfsins og samstarfsfólks í skóla B er heldur jákvæðra en í skóla A. Hins vegar er athyglisvert að þetta virðist ekki endilega skila sér í betri líðan nemenda samkvæmt könnunum Skólapúlsins. Ef um beina tengingu væri að ræða liði nemendum betur í skóla B en skóla A en mælingar Skólapúlsins gefa það ekki til kynna. Hér má því greina ákveðna mótsögn í gögnunum sem skoða þyrfti betur því aðrir þættir virðast hafa meiri áhrif á líðan nemenda en þeir sem skoðaðir voru í þessari rannsókn, til dæmis samspil hegðunar og líðanar. Niðurstöður rannsóknar Lewis, Colvin og Sugai (2000) á fyrirbyggjandi aðgerðum og virku eftirliti benda til þess að heildræn agastefna og öflugt, virkt eftirlit hafi jákvæð áhrif á hegðun nemenda í frímínútum. Hins vegar bendir Cowley (2003) réttilega á að þar sem skólar glími við ólík vandamál verði agastefna þeirra að taka mið af sérstökum aðstæðum skólans og mikilvægt sé að huga að öllum þáttum skólastarfsins við gerð agastefnu. Hegðunarvandamál eru breytileg vegna þess að nemendahópar eru ólíkir og þar af leiðandi þróast vinnubrögð starfsfólks skóla út frá breytingum í nemendahópum (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Þess vegna þarf stefna skólanna hugsanlega að vera sveigjanleg upp að vissu marki.

Í skóla A, þar sem ekki er unnið eftir heildrænni agastefnu, finnst viðmælendum vanta meiri samræmingu í agamálum og þeir telja áherslur skólastjórnenda ekki virka sem skyldi. Í máli þeirra kemur fram að reynt sé að taka tillit til fjölbreytileika nemenda en fjöldi nemenda með „sérsmninga“ í frímínútum geri vinnu þeirra oft mjög erfiða. Að þeirra mati gangi ef til vill að einstaklingsmiða

nám (þ.e. að námið sé sniðið að þörfum nemenda), meðal annars til að uppfylla kröfu um skóla án aðgreiningar (lög um grunnskóla nr. 91/2008), en öllu flóknara sé að einstaklingsmiða agastefnu þar sem margir séu undanþegnir „sameiginlegum“ reglum.

Samantekt

Í niðurstöðunum var fjallað um fimm þemu: Starfslýsingar og starfsþjálfun, skipulag frímínútna, agastefnu, skólabrag og líðan og loks samskipti og samstarf og þau rædd í umræðum í nokkrum undirköflum. Í töflu 3 hér að neðan eru niðurstöðurnar dregnar saman í grófum dráttum og þær greindar sundur eftir skólunum tveimur. Þó svo að markmiðrannsóknarinnar hafi ekki verið eiginlegur samanburður milli þessara tveggja skóla er áhugavert að skoða þá mynd sem birtist í töflunni.

Tafla 3: Samantekt niðurstaðna.

Skóli A	Skóli B
Ófaglært starfsfólk	Annar starfsmanna með stuðningsfulltrúanám
Almennar skólareglur	Agastefna
Stéttaskipting meðal starfsfólks	Allir í sama liði
Frekar neikvætt viðhorf til stjórnenda og skólareglna sem agastefnu	Frekar jákvætt viðhorf til stjórnenda og agastefnu
38–58 börn að meðaltali á hvern starfsmann í frímínútum	20–28 börn að meðaltali á hvern starfsmann í frímínútum
Góður árangur í eineltismálum – minna einelti en á landsvísu.	Einelti hefur aukist í takt við þróun landsmeðaltals – meira en í skóla A.

Hér má sjá að þrír af fjórum starfsmönnum skólanna sem sinna frímínútnagæslu eru ófaglærðir með grunnskólapróf eða stúdentspróf og aðeins einn þeirra hefur lokið sérstöku námi fyrir stuðningsfulltrúa. Þessi staða er ekki óvenjuleg því oftast er ekki sér ófaglært starfsfólk um gæslu í frímínútum (Blatchford, 1989). Í skóla B má segja að jákvæðari heildarmynd birtist að því leyti að þar hefur einn starfsmaður sótt sér viðeigandi menntun, unnið er eftir sérstakri agastefnu sem viðmælendur segja að hafi gagnast þeim vel í starfi, þeir eru jákvæðir gagnvart stjórnendum og öðru samstarfsfólki og færri börn eru í frímínútum á hvern starfsmann en í skóla A. Viðmælendur í skóla A tala um að þeir upplifi takmarkaðan skilning og virðingu kennara og stjórnenda fyrir starfi þeirra. Stefna skólastjórnenda hefur áhrif á hegðunar- og samskiptamynstur skóla og á þátt í að móta þann skólabrag sem einkennir hvern skóla (Robert Wood Johnson foundation, 2007). Í skóla B virðist stjórnendum hafa tekist að skapa menningu og skólabrag þar sem starfsfólk skólans er jákvætt og finnst það tilheyrja stærra liði. Jákvæður skólabragur getur dregið úr neikvæðum samskiptum, svo sem einelti og vanlíðan nemenda, og það er ekki ólíklegt að slíkt eigi við um starfsfólk einnig (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Hér er þó frekari rannsókna þörf. Það hefur sýnt sig að viðhorf, venjur og hegðun starfsfólks, sem og fjöldi nemenda á hvern kennara, ræður miklu um það hvernig tekst að koma í veg fyrir einelti og beina hegðun nemenda í jákvæðari og uppbyggilegri farveg (Olweus, 1999). Einelti er tengt skólabrag hvers skóla og því hegðunar- og samskiptamynstri sem viðgengst í skólanum. Því er mikilvægt að stefnumótun skóla í eineltismálum sé tengd heildarumhverfi skólans og hafi það að markmiði að tryggja skólaumhverfi þar sem nemendum líður vel og þeir búa við öryggi, hvort heldur er í námi eða leik (Arthur Morthens o.fl., 2001). Þess vegna er nauðsynlegt að líta ekki fram hjá samskiptum og þeirri menningu sem ríkir í frímínútum.

Í skóla A eru vísbendingar um að starfsfólkið sem sinnir frímínútnagæslu upplifi ákveðna stéttaskiptingu sem lýsir sér, að þess mati, í takmörkuðum skilningi, virðingu og umburðarlyndi gagnvart starfi þeirra. Það er hins vegar athyglisvert að í skóla A mælist einelti undir landsmeðaltali í Skólupúlsinum en því er öfugt farið í skóla B. Þetta er því í nokkru ósamræmi við aðrar niðurstöður rannsóknarinnar, sem og niðurstöður íslenskra skóla í PISA-rannsóknum undanfarinn áratug sem sýna jákvæða þróun á skólabrag og bekkjaranda (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013).

Niðurlag

Til þess að fá innsýn í það hvernig frímínútum í grunnskólum landsins er háttað voru aðstæður kannaðar í frímínútum í tveimur grunnskólum á Íslandi, viðtöl tekin við starfsmenn sem sinna gæslu í frímínútum, rýnt í niðurstöður Skólapúlsins fyrir þessa tvo skóla og viðeigandi stefnuskjöl greind. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig frímínútum er háttað í tveimur grunnskólum, hversu mikilvæg agastefna skólanna virðist vera fyrir starfsfólk þeirra í daglegum störfum og að rýna í samspil frímínútna og skólabrags skólanna.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um það hvernig fyrirkomulagi frímínútna er háttað í þessum tveimur skólum, en að formi til er það álíka. Það er hins vegar munur á milli skólanna í því hversu mörg börn eru að meðaltali á hvern starfsmann í frímínútum, 38–58 börn í skóla A en 20–28 börn í skóla B. Mönnun úti í frímínútum er því með ólíkum hætti og starfsmenn í skóla A lýsa áhyggjum og óvissu um hvernig bregðast eigi við óviðunandi hegðun nemenda og aðstæðum á skólalóðinni.

Kannað var hversu mikilvæg agastefna skólans er fyrir starfsfólk skóla í daglegum störfum. Agastefna er gott vinnutæki fyrir starfsmenn en allir starfsmenn þurfa að fylgja henni eftir, alltaf en ekki bara stundum, ef hún á að skila árangri. Í rannsókninni kom í ljós mikil þörf fyrir samræmdar aðgerðir í agamálum þar sem slíka stefnu skorti, samanber skóla A. Áhrif agastefnunnar á nemendur var ekki hægt að meta út frá þeim gögnum sem safnað var í þessari rannsókn.

Skólabragur er flókið samspil viðhorfa starfsfólks skóla og nemenda og þeirra leiða sem skólar velja til að viðhalda aga og tryggja öryggi og velferð nemenda sinna. Í skóla A, sem styðst við almennar skólareglur, kom fram frekar neikvætt viðhorf til stjórnenda og skólareglna sem agatækis, sem og vísbendingar um stéttaskiptingu meðal starfsfólks. Í þeim skóla sýndu hins vegar kannanir Skólapúlsins að tíðni eineltis hafði lækkað. Í skóla B virtist viðmót starfsfólks vera jákvæðara gagnvart stjórnendum og þeirri agastefnu sem skólinn styðst við. Tíðni eineltis samkvæmt könnunum Skólapúlsins var hins vegar hærrí á vorönn 2013 en uppsafnað landsmeðaltal og meðaltal skóla A. Hvort þær leiðir sem skólar velja sem ramma að samskipta- og umgengnisreglum felast í markvissri agastefnu, eineltisáætlunum eða félagsfærniþjálfun veltur á þörf skólanna fyrir stuðning. Hvaða leið sem farin er dregur það ekki úr mikilvægi þess að stöðugt innra mat eigi sér stað í skólanum og þarfir séu metnar til að tryggja að skólinn sé á réttri leið. Frjáls tími nemenda á skólatíma getur haft töluverð áhrif á skólabrag þar sem hann er stór hluti af degi nemenda og því mikilvægt að þeim líði vel á þeim tíma. Umhverfi nemenda í heild sinni skiptir máli og það sem gerist utan skólastofunnar hefur áhrif á það sem gerist innan hennar, þar sem nemendur sem líður almennt vel læra betur. Ef illa er staðið að frímínútum getur sá tími dagsins unnið gegn þeim göða anda sem kennarar reyna að byggja upp með nemendum sínum í hefðbundnu skólastarfi.

Hver raunveruleg staða frímínútna er í grunnskólum almennt er of stór spurning til þess að henni verði svarað í afmarkaðri rannsókn sem þessari. Hver skóli og hver starfsmaður er ólíkur öðrum og þar af leiðandi er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðunum en þær gefa innsýn í þætti skólastarfs sem ekki hafa fengið mikla umfjöllun, það er frímínútur og vinnu ófaglærðs starfsfólks grunnskóla.

Þörf er á frekari rannsóknum og það væri fróðlegt að sjá ítarlegri og yfirgrípsmeiri rannsókn á frímínútum þar sem viðhorf skólastjórnenda, kennara, starfsfólks skóla og nemenda væru skoðuð til þess að fá enn betri sýn á stöðu og gildi frímínútna í íslenskum skólum.

Heimildir

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2013). *Helstu niðurstöður PISA 2012: Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. Reykjavík: OECD.

Arthur Morthens, Sesselja Snævarr, Guðmundur Sighvatsson, Unnur Kristjánsdóttir, Jóhann Thoroddsen og Þorlákur H. Helgason. (2001). *Niðurstöður starfshóps um tillögur um aðgerðir gegn einelti í grunnskólum*. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Barnasáttmálinn – heildartexti*. Sótt af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Björk Ólafsdóttir. (2010). *Skólafélagasveitarfélaga: Handbók*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Blatchford, P. (1989). *Playtime in the primary school: Problems and improvements*. Windsor: NFER-Nelson.

Cowley, S. (2003). *Getting the buggers to behave 2*. London: Continuum.

Creswell, J. W. (2012). *Educational research: Planning, conducting and evaluating quantitative and qualitative research* (4. útgáfa). Boston: Pearson.

Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2013). *Ungt fólk 2013: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ingvar Sigurgeirsson. (2010). Leikjabanki. Í Gígja Gunnarsdóttir (ritstjóri), *Virkni í skólastarfi, handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla* (bls.119–130). Sótt af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12220/Handbok-um-hreyfingu_net_allt.pdf

Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). *Gullkista við enda regnbogans, rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum í Reykjavík skólaárið 2005–2006*. Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands.

Jarrett, O. og Waite-Stupiansky, S. (2009). Recess-it's indispensable! *Young Children*, 64(5), 66–69. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/61822347?accountid=49537>

Kristín Elfa Guðnadóttir. (2000). Frímínútur – Ógnvaldur eða ánægja? *Uppeldi*, 13(3), 28–29.

Lewis, T. J., Colvin, G. og Sugai, G. (2000). The effects of pre-correction and active supervision on the recess behavior of elementary students. *Education & Treatment of Children*, 23(2), 109–121. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/202665209?accountid=49537>

Loftur Guttormsson. (2008). Náms- og kennsluhættir. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: 1. bindi. Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 212–226). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lýðheilsustöð. (2008). *Ráðleggingar um hreyfingu*. Sótt af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11179/NM30399_hreyfiradle_ggin_gar_baeklingur_lores_net.pdf

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Maxwell, J. A. (2005). *Qualitative research design: An interactive approach* (2. útgáfa). [Applied social research series volume 41]. Thousand Oaks: Sage.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámsskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. (2010). *Greinargerð: Óformlegur vinnuhópur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskóla*. Sótt af <http://www.samband.is/media/grunnskoli/GREINARGERD-TIL-MMRH.pdf>

Olweus, D. (1993). *Einelti meðal barna og unglinga: Ráðleggingar til foreldra* (Þorlákur H. Helgason staðfærði). Reykjavík: Olweusaráætlun gegn einelti.

Olweus, D. (1999). Sweden. Í P. K. Smith, Y. Morita, J. Junger-Tas, D. Olweus, R. Catalano og P. Slee (ritstjórar), *The nature of school bullying, a cross-national perspective* (bls. 7–27). London: Routledge.

Ólöf Garðarsdóttir. (2008). Í skólanum er skemmtilegt ... Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: 1. bindi, Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 266–281). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Pellegrini, A. D. og Smith, P. K. (1993). School recess: Implications for education and development. *Review of Educational Research*, 63(1), 51–67. Sótt af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=eric&AN=EJ463378&site=ehost-live>

Pellegrini, A. D. og Bohn, C. M. (2005). The role of recess in children's cognitive performance and school adjustment. *Educational Researcher*, 34(1), 13–19. doi:10.3102/0013189X034001013

Ragnar F. Ólafsson. (2008). *Mat á árangri af Olweusaráætlun gegn einelti*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Ramstetter, C. L., Murray, R. og Garner, A. S. (2010). The crucial role of recess in schools. *Journal of School Health*, 80(11), 517–526. doi:10.1111/j.1746–1561.2010.00537.x

Rathvon, N. (2008). *Effective school interventions: Evidence-based strategies for improving student outcomes* (2. útgáfa). New York: The Guildord Press.

NAECS/SDE. (2001). *Recess and the importance of play: A position statement on young children and recess*. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/62259672?accountid=49537>

Robert Wood Johnson foundation. (2007). *Recess rules: Why undervalued playtime may be America's best investment for healthy kids and healthy schools*. Sótt af <http://www.rwjf.org/content/dam/web-assets/2007/09/recess-rules>

Ridgers, N. D., Carter, L. M., Stratton, G. og McKenzie, T. L. (2011). Examining children's physical activity and play behaviors during school playtime over time. *Health Education Research*, 26(4), 586–595.

Rúnar Sigríksson. (2010). Frímínútur. Í Gígja Gunnarsdóttir (ritstjóri), *Virkni í skólustarfi, handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla* (bls. 85–90). Sótt af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12220/Handbok-um-hreyfingu_net_allt.pdf

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Árný Elíasdóttir. (2009). *Samvera, kennsluleiðbeiningar*. Sótt af http://www.nams.is/lifsleikni/samvera/samvera_klb.pdf

Smith, P. K. (1999). England and Wales. Í P. K. Smith, Y. Morita, J. Junger-Tas, D. Olweus, R. Catalano og P. Slee (ritstjórar), *The nature of school bullying, a cross-national perspective* (bls. 68–90). London: Routledge.

Umboðsmaður barna. (2010). *Líðan barna: Könnun umboðsmanns barna vorið 2010*. Reykjavík: Höfundur.

Una Sighvatsdóttir. (2013, 16. nóvember). *Eini skólinn þar sem einelti mælist ekki*. Mbl.is. Sótt af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/11/16/eini_skolinn_an_eineltis/

Vaillancourt, T., Brittain, H., Bennett, L., Arnocky, S., McDougall, P., Hymel, S. og Cunningham, L. (2010). Places to avoid: Population-based study of student reports of unsafe and high bullying areas at school. *Canadian Journal of School Psychology*, 25(1), 40–54. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/224367505?accountid=49537>

Vinaliðaverkefnið. (e.d.). *Heimasíða vinaliðaverkefnis Árskóla*. Sótt af <http://beggi3.wordpress.com/about/>

Waite-Stupiansky, S. og Findlay, M. (2001). The fourth R: Recess and its link to learning. *The Educational Forum*, 66(1), 16–25. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/220659785?accountid=49537>

Um höfunda

Kristín Þóra Möller (kristin.th.moller@akurskoli.is) er grunnskólakennari við Akurskóla í Reykjanesbæ. Hún lauk BA-prófi í mannfræði frá Háskóla Íslands árið 2004 og M.Ed.-prófi í kennslu eldri barna við Háskólann á Akureyri árið 2014.

Hermína Gunnþórsdóttir (hermina@unak.is) er dósent við Háskólann á Akureyri. Hún er með B.A.-próf í íslensku og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands, meistarapróf frá Kennaraháskóla Íslands (2003) og doktorspróf frá Háskóla Íslands (2014). Hún hefur starfað við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Helstu viðfangsefni hennar í kennslu og rannsóknum eru skóli og nám án aðgreiningar, fjölmenning og nám, félagslegt réttlæti í menntun, fötlunarfræði, menntastefna og framkvæmd.

Efnisorð

Frímínútur, skólabragur, agastefna skóla, starfsfólk skóla, virkt eftirlit

About the authors

Kristín Þóra Möller (kristin.th.moller@akurskoli.is) is a teacher at the compulsory level in Akurskóli in Reykjanesbær (a town on the South-West coast of Iceland). She completed her B.A. degree in anthropology from the University of Iceland in 2004 and her M.Ed. degree in secondary education from the University of Akureyri in 2014.

Hermína Gunnþórsdóttir is Associate Professor at the University of Akureyri. She holds a B.A. degree in Icelandic and a teaching certification from the University of Iceland, a Master's degree from the Iceland University of Education (2003) and a PhD from the University of Iceland (2014). She has worked at kindergarten, primary- and secondary schools. Her teaching and research interest is related to inclusive school and education, multiculturalism and education, social justice in education, disability studies, educational policy and practice.

Key words

Recess, school climate, schoolwide approach to student discipline, school staff, active supervision



Kristín Þóra Möller og Hermína Gunnþórsdóttir. (2017).

Frímínútur í tveimur grunnskólum: Fyrirkomulag og sjónarmið starfsfólks sem sinnir gæslu nemenda

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/13>